

# Borgara- fundur um fordóma

**GEDHJÁLP** stendur fyrir borg-  
arafundi um fordóma laugardaginn  
5. apríl kl. 14 í Tjarnarsal Ráðhúss  
Reykjavíkur.

Frummælendur á fundinum  
verða Sigurður Þór Guðjónsson,  
Margrét Pála Ólafsdóttir og Einar  
Már Guðmundsson. Fundarstjóri er  
Eggert Sigurðsson, fræðslu- og  
upplýsingafulltrúi Geðhjálpar. Að  
framsögu lokinni verða pallborðs-  
umræður og mun gestum fundarins  
gefast kostur á að leggja fram  
spurningar eða koma með gagn-  
legar ábendingar.

Geðhjálp hvetur alla til að mæta  
enda vandfundinn sá einstaklingur  
sem er málið óviðkomandi, segir í  
fréttatilkynningu.